



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
Association of Employers



Samtök iðnaðarins

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2006

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 87/2004 um olúgjald, 794. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa fengið frumvarp um frestun á hækkun olíu- og kílómetragjalds til umsagnar. Samtökin eru að sönnu fylgjandi áframhaldandi frestun á hækkun þessara gjalda en hefðu talið tímabært að fella þetta hækkunarákvæði endanlega úr lögnum fremur en að seinka gildistöku tímabundið um hálf tveggja ára og nú er gert.


Með vísan til umræðna á Alþingi um breytingar á þessum lögum skömmu fyrir frestun þingfundar í desember sl., getum við ekki látið hjá líða að ítreka skoðun okkar á gjaldtöku þyngri atvinnubifreiða sem send var Alþingi í umsögn í apríl 2004 og svo aftur í desember sl.

Nú ári eftir að lög um olúgjald tóku gildi hafa samtökin styrkst enn frekar í þeirri skoðun að gjaldtöku þyngri atvinnubifreiða verði best fyrirkomandi í einföldu skattkerfi. Í stað gjaldskyldrar olíu og kílómetragjalds verði notuð gjaldfrjáls lituð olía en í staðinn greitt sérstakt kílómetragjald. Gjaldbyrðin verði áþekkt en gjaldtakan einfölduð. Eftirlit með atvinnubifreiðum yrði mun einfaldara og leiðum til undanskota eða mistaka myndi fækka til mikilla muna.


Tillögur samtakanna falla vel að áformum Evrópusambandsins um gjaldtöku af umferð eins og þeim er lýst í álitni nefndar samgönguráðuneytisins um gjaldtöku og einkaframkvæmd til fjármögnunar samgöngumannvirkja sem útgefið var á síðasta ári. Þar kemur m.a. fram að samkvæmt skoðun ESB er skattheimta í formi eldsneytisgjalds, eins og olíu- og bensíngjalds ekki heppileg. Heppileg eða réttlát gjaldtaka byggist á eknum kílómetrum að teknu tilliti til bifreiðategundar eða öxulþunga, staðsetningar ökutækis og gerð vegar. Telur nefndin að flest lönd innan Evrópu muni taka upp aksturstengd gjöld á næstu árum. Í álitni sínu leggur nefndin til að gerð verði kerfisbreyting á innheimtu markaðra tekna til vegamála og í stað bensíngjalds og olúgjalds verði lögð gjöld á ekna kílómetra sem miðist við gerð og þyngd farartækis og stund og stað aksturs.

Tillögur samtakanna falla að alþjóðlegri þróun, leiða til einföldunar og skilvirkni og tryggja ríkissjóði nauðsynlegar tekjur til samgöngumála.

Samtök atvinnulífsins,


Hannes G. Sigurðsson

Samtök iðnaðarins


Arni Jóhannsson